



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

|                            |                                                                                         |
|----------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|
| Málsheiti og nr.           | Áform um breytingu á almennum hegningarlögum (tálmun sakamálarannsóknar) – DMR25060074. |
| Ráðuneyti /verkefnisstjóri | Dómsmálaráðuneyti                                                                       |
| Innleiðing EES-gerðar?     | <input type="checkbox"/> Já<br><input checked="" type="checkbox"/> Nei                  |
| Dags.                      | 20. maí 2025.                                                                           |

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

Dómsmálaráðuneytið hefur haft til skoðunar þær aðstæður sem geta komið upp þegar náinn aðstandandi aðstoðar einstakling sem grunaður er um að hafa framið afbrot með því að tálma rannsókn lögreglu, til dæmis með því að eyðileggja, breyta eða koma undan sönnunargögnum eða raska ummerkjum brots. Sú skoðun hefur leitt í ljós að ef um er ræða náinn vandamann þá er slík tálmun alltaf refsilaus, sama hversu langt viðkomandi gengur í aðstoð sinni. Í þessu skjali er gerð grein fyrir áformum um endurskoðun á þessari tilhögun þ. á m. á því hvort eða að hvaða leyti slík háttsemi eigi að vera refsilaus.

Í 112. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fjallað um refsingar vegna aðstoðar við mann sem er veitt eftirför vegna brots sem og um tálmun sakamálarannsóknar. Ákvæðið hljóðar svo í heild sinni:

#### 112. gr.

Hver, sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það að tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots.

Hafi einhver framið verknað, sem lýst er í þessari grein, í því skyni að koma sjálfum sér eða nánnum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu, þá er það refsilaust.

Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga er samkvæmt framangreindu refsilaust að fremja verknað sem lýst er í 1. og 2. mgr., í því skyni að koma sjálfum sér eða nánnum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu. Ákvæðið býður ekki upp á mat að þessu leyti og svo lengi sem skilyrðum um huglæga afstöðu og náinn vandamann er fullnægt, á refsileysi við.

Ákvæði 112. gr. almennra hegningarlaga hefur staðið óbreytt frá gildistöku laganna að því frátöldu að árið 1998 var varðhald fellt brott sem viðurlagategund. Hliðstætt ákvæði var að finna í 111. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Það liggur fyrir að sá verknaður að tálma rannsókn brots með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga er fortakslaust refsilaus ef um nána vandamenn er að ræða, sbr. 3. mgr. 112. gr.

Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til þess að hugtakið nánir vandamenn er ekki fastmótað, þótt að einhverju leyti megi hafa hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna þar sem nánir vandamenn koma við sögu, og því athugunarefni hvort skýra beri nánar gildissvið ákvæðisins.

Jafnframt kemur til álita að endurskoða verknaðarlýsingu 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga.

### **3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?**

Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga er nánnum vandamönnum refsilaust að fremja verknað sem lýst er í 2. mgr. í því skyni að koma sjálfum sér eða nánnum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu. Endurskoðun á því verður ekki gerð öðruvísi en með lagabreytingu.

## **B. Markmið**

### **1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.**

Þann 31. mars 2025 lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030. Um helstu áherslur á sviði almanna- og réttaröryggis er meðal annars lýst þeirri framtíðarsýn og því meginmarkmiði að borgarar landsins upplifi öryggi í daglegu lífi og að rannsókn og málsmeðferð hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum verði réttlát, markviss og skilvirk. Telja verður að endurskoðun 112. gr. almennra hegningarlaga þjóni vel því markmiði.

### **2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**

Að draga úr líkum á því tálmun náinna vandamanna á sakamálarannsókn með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga verði til þess að sakamál upplýsist ekki, með þeim mögulegu afleiðingum að sá sem afbrot fremur komist undan refsíabýrgð.

## **C. Leiðir**

### **1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga er nánnum vandamönnum refsilaust að tálma sakamálarannsókn með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. ákvæðisins. Slíkt er fallið til þess að gera lögreglu og ákærvaldi erfiðara fyrir við rannsókn mála enda gegnir öflun og meðferð sönnunargagna lykilhlutverki við það að upplýsa sakamál og stuðlar að því að rétt verði leyst úr þeim. Ekki er útilokað að í einhverjum tilvikum leiði tálmun sakamálarannsóknar til þess að sá sem fremur afbrot komist undan refsíabýrgð.

### **2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**

Eins og fram kemur hér að framan í A 3 er ekki um önnur úrræði en breytingu á lögum að ræða eigi að endurskoða framangreinda tilhögun.

### **3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**

Ákvæði á borð við 112. gr. almennra hegningarlaga er að finna í löggjöf allra hinna Norðurlandanna, þó í mismunandi útfærslum, og hefur löggjöf þeirra verið könnuð sérstaklega.

Í Noregi er samkvæmt 160. gr. norsku hegningarlaganna ekki refsilaust, hvorki fyrir nána vandamenn né aðra, að tálma sakamálarannsókn á hliðstæðan hátt og lýst er í 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga.

Í Svíþjóð er finna matskenndara lagaákvæði þar sem líta má meðal annars til alvarleika brots, tengsla við grunaðan mann og annarra aðstæðna við mat á því hvort hlutaðeigandi skuli sæta refsingu fyrir að hafa tálmað lögreglurannsókn.

Ákvæði 125. gr. dönsku hegningarlaganna er að mestu samhljóða 112. gr. almennra hegningarlaga og gerir ráð fyrir refsileysi náinna vandamanna vegna tálmun á rannsókn saknæms verknaðar.

Finnsk refsilöggjöf gerir að meginstefnu einnig ráð fyrir refsileysi náinna vandamanna að þessu leyti en þar er aftur á móti að finna skilgreiningu á því hverjir teljast nánir vandamenn.

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?</b></p> <p>1. <b>Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.</b><br/>         Sem fyrr segir verður litið sérstaklega til Norðurlandanna og þeim leiðum sem farnar hafa verið þar við lagasetningu á þessu sviði. Ekki hefur á þessu stigi verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða leið verður fyrir valinu.</p> <p>2. <b>Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.</b><br/>         Á þessu stigi eru einungis fyrirhugaðar breytingar á 112. gr. almennra hegningarlaga.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| <p><b>E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar</b></p> <p>1. <b>Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?</b><br/>         Það verður ekki séð að áformin komi inn á svið stjórnarskrár eða þjóðréttarskuldbindinga.</p> <p>2. <b>Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?</b><br/>         Nei.</p> <p>3. <b>Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?</b><br/>         Nei.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <p><b>F. Samráð</b></p> <p>1. <b>Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?</b><br/>         Ákvæði almennra hegningarlaga varða allan almenning. Helstu stofnanir réttarvörslukerfisins sem áformin varða eru lögregla, ákærvald og dómstólar. Þá varða breytingarnar einnig aðra sem koma að rekstri og rannsókn sakamála svo sem lögmenn.</p> <p>2. <b>Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?</b><br/>         Nei.</p> <p>3. <b>Samráð sem þegar hefur farið fram.</b><br/>         Samráð hefur ekki farið fram á þessu stigi og eru áform þessi sett fram í því skyni að kalla eftir athugasemdum um breytingar á umræddu ákvæði almennra hegningarlaga.</p> <p>4. <b>Fyrirhugað samráð.</b><br/>         Fyrirhugað er að hafa samráð við refsiréttarnefnd og þær stofnanir réttarvörslukerfisins sem aðkomu hafa að úrlausn sakamála. Þá verða áformin kynnt í opnu samráði.</p> |
| <p><b>G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er</b></p> <p>1. <b>Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.</b><br/>         Frumvarp það sem hér um ræðir tekur til endurskoðunar ákvæði 112. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hvorki er gert ráð fyrir að lögfesting fyrirhugaðs frumvarps hafi útgjaldaáhrif á ríkissjóð né sveitarfélögin.</p> <p>Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti eða stöðu kynjanna.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <p><b>H. Næstu skref, innleiðing</b></p> <p>1. <b>Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?</b><br/>         Nei.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenníngur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Ekki er gert ráð fyrir því sérstakan tíma þurfi til aðlögunar eða sérstakrar innleiðingaráætlun sé þörf.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Aðstæður sem stuðla að greiðri og skilvirkri rannsókn sakamála.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.**

Að rannsókn sakamála torveldist ekki vegna tálmunar með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Ekki hefur verið hugað sérstaklega að gagnaöflun að þessu leyti á þessu stigi málsins fyrir utan það að skoðuð hefur verið norræn löggjöf á þessu sviði.

**I. Annað**

|

**J. Fylgiskjöl**

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.